

HS Veitur hf.

Samandreginn árshlutareikningur

1.1.-30.6.2016

HS Veitur hf. Brekkustíg 36 260 Reykjanesbæ kt. 431208-0590
--

HS Veitur hf.

Samandreginn árshlutareikningur

1.1.-30.6.2016

Efnisyfirlit

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymsyfirlit	6
Eiginfjáryfirlit	7
Skýringar	8-13

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í HS Veitum hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildaraskomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Ábyrgð endurskoðenda

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningnum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2016 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 19. ágúst 2016

Deloitte ehf.

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins 2.919 milljónum og nam heildarhagnaður kr. 404 milljónum Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 20.427 milljónum, bókfart eigið fé er kr. 8.429 milljónir og er eiginfárhlfall félagsins 41%. Enginn arður var greiddur á tímabilinu en eigin bréf voru keypt fyrir 500 milljónir króna.

Í lok ársins voru hluthafar í féluginu 4 en þeir eru:

Reykjanesbær með 50,1% hlut, HSV Eignarhaldsfélag slhf. með 34,38% hlut, Hafnarfjarðarbær með 15,42% hlut og Sandgerðisbær með 0,1% hlut.

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þáttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til viðtökufélagsins þegar áætlunin var birt. Er því félagið ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf. að fjárhæð 8.760 millj. kr. þann 30. júní 2016. Í skýringu 9 er farið nánar yfir stöðu HS Orku hf.


Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra HS Veitna hf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 30. júní 2016, rekstrararárangri og fjárhagslegrí þróun á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2016.

Stjórn og framkvæmdastjóri HS Veitna hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016 með undirritun sinni.


Reykjanesbær, 19. ágúst 2016


Í stjórn


Gunnar Þórarinsson
stjórnarformaður


Árni Sigfússon


Heiðar Guðjónsson



Sigríður Vala Halldórsdóttir


Guðný Birna Guðmundsdóttir


Magnéa Guðmundsdóttir


Skarphéðinn Orri Björnsson

Forstjóri


Július Jónsson

Yfirlit um heildarafkomu 1.1.-30.6.2016

	Skýr.	1.1.-30.6.2016	1.1.-30.6.2015
Rekstrartekjur	6	2.919.194	2.861.534
Kostnaðarverð sölu		(1.918.157)	(1.930.217)
Vergur hagnaður		1.001.036	931.317
 Annar rekstrarkostnaður		(304.691)	(280.836)
 Rekstrarhagnaður		696.345	650.481
 Fjármunatekjur		100.896	80.524
Fjármagnsgjöld		(324.204)	(335.442)
	7	(223.308)	(254.918)
 Hagnaður fyrir skatta		473.037	395.563
Tekjuskattur		(68.866)	(57.371)
 Heildarhagnaður tímabilsins		404.171	338.192
 Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut		0,39	0,31
 Aðrar upplýsingar:			
EBITDA		1.002.063	939.674

Skýringar á blaðsíðum 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2016

Eignir	Skýr.	30.06.2016	31.12.2015
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir		16.619.050	15.831.604
Aðrar óefnislegar eignir		621.913	563.213
Eignarhlutar í félögum		34.214	34.214
		17.275.177	16.429.031
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		314.118	311.921
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		743.889	872.897
Handbært fé		2.094.010	2.691.415
		3.152.017	3.876.233
Eignir		20.427.194	20.305.264
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutafé		1.011.300	1.074.300
Lögbundinn varasjóður		252.825	268.575
Óráðstafað eigið fé		7.164.607	7.181.687
Eigið fé		8.428.732	8.524.561
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Vaxtaberandi skuldir	8	8.410.723	8.443.216
Aðrar langtímaskuldir	12	583.283	504.018
Fyrirframinnheimtar tekjur		581.466	530.323
Tekjuskattsskuldbinding		1.208.803	1.193.706
		10.784.276	10.671.263
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		732.546	599.850
Vaxtaberandi skuldir		336.906	326.074
Ógreiddir reiknaðir skattar		53.769	92.926
Fyrirframinnheimtar tekjur		90.964	90.589
		1.214.186	1.109.439
Skuldir		11.998.462	11.780.703
Eigið fé og skuldir		20.427.194	20.305.264

Skýringar á blaðsíðum 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit 1.1.-30.6.2016

	Skýr.	1.1.-30.6.2016	1.1.-30.6.2015
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		696.345	650.481
Afskriftir	6	305.718	289.194
Söluhagnaður fastafjármuna		(1.415)	(1.838)
Hækkun annarra langtímaskulda		81.020	65.030
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		1.081.668	1.002.866
Vörubirgðir (hækkun), lækkun		(2.197)	4.980
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun		129.007	11.873
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		76.579	105.486
Fyrirframinnheimtar tekjur, hækkun, (lækkun)		51.518	(28.054)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.336.575	1.097.151
Innborgaðir vextir		100.896	45.931
Greiddir vextir		(182.408)	(130.217)
Greiddir skattar		(36.809)	0
Handbært fé frá rekstri		1.218.254	1.012.865
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		(1.081.727)	(377.453)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(70.970)	(4.926)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		2.248	5.384
		(1.150.448)	(376.995)
Fjármögnumunarhreyfingar			
Greiddur arður		0	(450.000)
Afborganir langtímaskulda		(163.456)	(154.965)
Afborganir annarra langtímaskulda		(1.755)	(20.032)
Keypt eigin bréf		(500.000)	(2.000.000)
Nýjar langtímaskuldir		0	2.645.050
		(665.211)	20.053
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(597.405)	655.923
Handbært fé í upphafi árs		2.691.415	2.114.081
Handbært fé í lok tímabils		2.094.010	2.770.004

Skýringar á blaðsiðum 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 1.1.-30.6.2016

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2015	1.336.429	334.107	8.524.271	10.194.807
Keypt eigin bréf	(262.129)	(65.532)	(1.672.339)	(2.000.000)
Heildarafkoma tímabilsins			338.192	338.192
Greiddur arður			(450.000)	(450.000)
Eigið fé 30. júní 2015	<u>1.074.300</u>	<u>268.575</u>	<u>6.740.125</u>	<u>8.083.000</u>
Eigið fé 1. janúar 2016	1.074.300	268.575	7.181.686	8.524.561
Keypt eigin bréf	(63.000)	(15.750)	(421.250)	(500.000)
Heildarafkoma tímabilsins			404.171	404.171
Eigið fé 30. júní 2016	<u>1.011.300</u>	<u>252.825</u>	<u>7.164.607</u>	<u>8.428.732</u>

Skýringar á blaðsíðum 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

HS Veitur hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Lögheimili þess er að Brekkustig 36 í Reykjavík. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 34 sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Samandreginn árshlutareikningur félagsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning fyrir árið 2015. Við gerð árshlutareiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings 2015. Hægt er að nálgast ársreikning félagsins á vef þess www.hsveitur.is

4. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvárdanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif notkun reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingunum eru frerð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Samandreginn árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016 var samþykktur af stjórn þann 19. ágúst 2016.

5. Stýring fjármálagrarr áhættu

Yfirlit

Stjórn félagsins ber að innleiða áhættustýringu og hafa eftirlit með fjármálagri áhættu þess.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir eru yfirsagnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakrōfur og aðrar krōfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við forvera þess og tapaðar viðskiptakrōfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptavina er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Innheimtustjóri skoðar reglulegar tölulegar upplýsingar um breytingar á aldi viðskiptakrafna. Viðskiptamenn sem ekki standa í skilum geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar eða innheimtudeild félagsins samþykki frekari úttektir á grundvelli samkomulags.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

Skýringar

5. Stýring fjármálaalegrar áhættu (framhald)

Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgrein mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins, tekjur og gjöld eru nær einvörðungu í íslenskum krónum.

Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru allar með föstum verðtryggðum vöxtum. Snýr því vaxtaáhætta félagsins fyrst og fremst að áhættu vegna verðlagsbreytinga.

Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsverðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfárstaða félagsins sé sterkt til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfsemennar. Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfárlutfalli. Í skuldabréfaflokki HSV 13/01 er ákvæði þess efnis að það er heimild til gjaldfellingar bréfanna fari eiginfárlutfall undir 35%.

Rekstraráhætta

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 2015 er leyft WACC 5,26% (eigð fé 9,76% og lánsfé 3,34%), en án vaxta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins. Áhætta félagsins af tekjuramma felst í því að tekjurammi er reiknaður út frá arðsemi fyrri ára því kann til skamms tíma að myndast ójafnvægi á milli tekna og útgjalda.

Á grundvelli ákvæða laga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla er ekki færð í ársreikninginn skuldbinding vegna hugsanlegra oftekinna tekna áranna 2011 - 2015.

Skýringar

6. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttauplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins. Enginn viðskiptavinur er með yfir 10% af heildartekjum ársins.

1. janúar til 30. júní 2016	Raforku-dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals	1.520.147	983.968	305.596	109.483	2.919.194
Rekstrarafkoma starfsþátta	334.813	248.557	114.959	(1.984)	696.345
Óskiptir liðir:					
Fjármagnsliðir					(223.308)
Tekjuskattur					(68.866)
Heilarhagnaður ársins					<u>404.171</u>
Eignir starfsþátta	11.449.103	3.396.566	2.255.218	140.076	17.240.963
Óskiptar eignir					<u>3.186.231</u>
Eignir samtals					<u>20.427.194</u>
Óskiptar skuldir					11.998.462
Fjárfestingar	848.454.729	187.862.624	83.781.035	32.598.164	1.152.697
Afskriftir	201.343.653	55.905.082	46.553.328	1.915.715	305.718
EBITDA					1.002.063
1. janúar til 30. júní 2015	Raforku-dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals	1.482.375	958.770	296.267	124.122	2.861.534
Rekstrarafkoma starfsþátta	353.846	185.934	97.449	13.252	650.481
Óskiptir liðir:					
Fjármagnsliðir					(254.918)
Tekjuskattur					(57.371)
Heilarhagnaður ársins					<u>338.192</u>
Eignir starfsþátta	10.554.991	3.191.971	2.252.886	102.428	16.102.276
Óskiptar eignir					<u>3.804.688</u>
Eignir samtals					<u>19.906.964</u>
Óskiptar skuldir					11.823.964
Fjárfestingar	302.444	43.319	35.650	966	382.379
Afskriftir	189.221	52.676	45.889	1.408	289.194
EBITDA					939.674

Skýringar

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	1.1.-30.6.2016	1.1.-30.6.2015
Vaxtatekjur af bankareikningum	95.365	75.791
Arður af hlutabréfaeign	1.225	4.592
Gengishagnaður	4.305	140
	<u>100.896</u>	<u>80.524</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af langtímaskuldum	(194.676)	(177.750)
Verðbætur langtímalána	(128.471)	(156.232)
Gengistap	(72)	(326)
Þinglysingar	(421)	(383)
Dráttarvaxtagjöld	(292)	(261)
Önnur vaxtagjöld	(272)	(490)
	<u>(324.204)</u>	<u>(335.442)</u>
	<u>(223.308)</u>	<u>(254.918)</u>

8. Vaxtaberandi skuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.06.2016	31.12.2015
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum	8.747.630	8.769.290
	<u>8.747.630</u>	<u>8.769.290</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(336.906)	(326.074)
	<u>Langtímaskuldir í árslok</u>	<u>8.410.723</u>
	<u>8.410.723</u>	<u>8.443.216</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	30.6.2016	31.12.2015
Afborganir 1.7.2016-30.6.2017 / 2016	336.906	326.074
Afborganir 1.7.2017-30.6.2018 / 2017	349.659	338.416
Afborganir 1.7.2018-30.6.2019 / 2018	1.558.729	1.530.310
Afborganir 1.7.2019-30.6.2020 / 2019	376.630	364.520
Afborganir 1.7.2020-30.6.2021 / 2020	390.886	378.318
Afborganir síðar og til 2033	<u>6.021.110</u>	<u>6.131.268</u>
	<u>9.033.921</u>	<u>9.068.906</u>

Veginir meðalvextir eru eftirfarandi:

	30.6.2016	31.12.2015
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum.....	4,00%	4,00%

Afföll vaxtaberandi skulda nema um 286,3 milljónum króna þann 30. júní 2016 (31. desember 2015: 299,6 mkr) og eru færð til lækkunar bókfærð virði og gjaldfærð yfir líftímann.

Skýringar

9. Skuldbindingar

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þátttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til þeirra þegar áætlunin var birt. Er félagið því ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf. að fjárhæð 8.760 millj. kr. þann 30. júní 2016 (2015: 9.449 millj. kr.).

Samkvæmt árshlutareikningi sem HS Orka skilaði þann 9. ágúst 2016 var heildarhagnaður tímabilsins janúar til júní 2016 um 1.193 millj. kr. (2015: 2.633 millj. kr.), eigið fé félagsins var 62,3% þann 30. júní 2016 (2015: 58,6%) og handbært fé frá rekstri var 1.049 millj. kr. (2015: 2.859 millj. kr.). Er það mat stjórnenda að líkur á að á þessa ábyrgð reyni séu hverfandi.

10. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnad af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög jan jún 2016:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
HS Orka hf.	1.056.126	38.415	6.842	116.589
Reykjanesbær, hluthafi	287	60.119	10.726	3.102
Hafnarfjarðarbær, hluthafi	64	47.829	7.917	5.677
	1.056.476	146.364	25.486	125.368

Viðskipti við tengd félög jan jún 2015:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
HS Orka hf.	720.062	50.498	12.249	123.820
Reykjanesbær, hluthafi	3.951	64.883	17.859	2.546
Hafnarfjarðarbær, hluthafi	10.896	44.901	7.516	5.364
	734.909	160.282	37.624	131.730

11. Þjónustu- og verkkaupasamningar

Félagið kaupir þjónustu af HS Orku hf. samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna. Á grundvelli samningsins kaupir félagið þjónustu vegna bókhalds, starfsmanna- og gæðamála, skjalastjórnun auk þjónustu vegna öryggis- og kynningarmála. HS Veitur hf. selja síðan HS Orku hf. þjónustu á sviði þjónustuborðs, reikningagerðar, innheimtu, upplýsingakerfa og viðhalds fasteigna.

Skýringar

12. Aðrar langtímaskuldir

Félagið hefur tekið þátt í kostnaði vegna hækkaná á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf. Ástæðan er sú að hluti starfsmanna HS Veitna hf. (og til ársins 2015 hluti starfsmanna HS Orku hf. sem unnu fyrir HS Veitur samkvæmt verksamningi) eru enn að auka réttindi sín, sem þá hefur hækkað skuldbindingu HS Orku hf, sem annast greiðslur vegna þessara skuldbindinga til viðeigandi lífeyrissjóða. Hlutdeild félagsins í hækjunum á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf. var til ársins 2015 greidd með álagi á keypta þjónustu HS Orku hf.

Að auki hefur hlutdeild HS Veitna hf. í eldri lífeyrisskuldbindingu HS Orku hf. verið færð sem langtímaskuld við HS Orku hf. Stóð skuldin þann 30. júní í 583 m.kr., en í árslok 2015 stóð hún í 504 m.kr. Ágreiningur er milli félaganna um stöðu og lögmaði þessarar langtímaskuldar.

Í ársþyrjun 2015 færðust 83 starfsmenn HS Orku hf. til HS Veitna hf. Þar af leiðandi þurfti að endurskoða verksamning milli félaganna. Við þá endurskoðun komust stjórnendur HS Veitna hf. að þeirri niðurstöðu að meðhöndlun á hlutdeild félagsins í lífeyrisskuldbindingu HS Orku hf. væri ekki í samræmi við skiptingu eigna og skulda þegar Hitaveitu Suðurnesja hf. var skipt upp árið 2008 í þessi tvö félög. Hún væri jafnvel ólögmæt. Því var gerður viðauki til eins árs í janúar 2015 við nýja verksamninginn og samkvæmt viðaukanum greiddu HS Veitur hf. ákveðna mánaðarlega upphæð til HS Orku. Í viðaukanum kom fram að stefnt væri að því að leysa úr þessum ágreiningi á árinu 2015 en það tókst ekki og því ekki í gildi neitt samkomulag um greiðslur HS Veitna til HS Orku frá 1.1.2016. HS Veitur hf. hafa óskað eftir viðræðum um málið og er nú stefnt að því að með samkomulagi verði máið sett í úrskurð Héraðsdóms. Ljóst er að niðurstöður vegna ágreiningsins getur einungis verið HS Veitum hf. til bóta, ef frá er talinn hugsanlegur málskostnaður vegna ágreinings aðila, þar sem meðhöndlun langtímaskuldarinnar í ársreikningi þessum er með sama hætti og áður.